

Mál nr. 79/2006

**M
og
Vátryggingafeágíð X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

Árekstur á Bústaðavegi í Reykjavík þann 24.1.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 27.4.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.5.2006.
3. Bréf Y, dags. 15.5.2006.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur Bústaðaveg og var A ekið á undan B. Við veitingastaðinn Sprengisand var A beygt til vinstri í áleiðis að bensíndælum Atlantsolíu. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og framendi B. Ein akrein er í hvora átt og hálfbrotin miðlína skilur á milli þeirra að því er séð verður á ljósmyndum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 30-40 km hraða á klst. og ætlað að beygja til vinstri við Sprengisand, en rétt áður en komið var að beygjunni hafi hindrun verið á vegi hans. Hafi hann þá beygt frá henni til hægri og gefið stefnumerki í þá átt. Þegar fram hjá hindruninni hafi verið komið hafi hann gleymt að taka stefnumerkið af og það hafi haldið áfram að blikka til hægri, þegar hann beygði til vinstri.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 40-45 km hraða og talið að ökumaður A hafi ætlað að beygja til hægri, þar sem stefnumerki í þá átt hafi logað á bifreiðinni. Hafi það logað þar til A hafi verið beygt til vinstri.

Í málskoti er því haldið fram að þremur bifreiðum hafi verið ekið austur Bústaðaveg og fremstu bifreiðinni, sem var ekið á undan A, hafi verið beygt til hægri inn á malborið innskot. A hafi verið ekið áfram að Sprengisandi og ökumaður hennar hafi gefið stefnumerki til vinstri. Ökumaður B hafi tekið fram úr og gefið í á móti umferð og lent þá á A. Þá er því haldið fram í málskotinu að lögregluskýrsla sé röng og “ófullnægjandi útskýringar af árekstri.”

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki annað fært en leggja skýrslu lögreglu til grundvallar við úrlausn þess. Ljóst er að ökumaður A gaf stefnumerki til hægri nokkru áður en hann beygði svo til vinstri. Verður ekki annað séð en áreksturinn verði rakinn til þessarar villandi stefnumerkjagjafar. Ber ökumaður A því sök á árekstrinum. Þótt miðlína götunnar hafi verið hálfbrotinn verður það ekki virt ökumanni B til sakar, eins og hér stóð á, að hafa ekið fram úr A. Ekki verður heldur séð að tilefni sé til af öðrum ástæðum að fella sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 30. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.